



Nýársávarp
forseta Íslands
Kristjáns Eldjárn
1. janúar 1979

Góðan dag, góðir landsmenn.

Ég óska yður öllum gleðilegs nýárs og þeirrar birtu og vongleði í huga, sem hæfir þegar lagt er upp úr áfangastað. Miklar hátíðir eru nú senn að baki, en framundan rúmhelgir dagar. Hvort tveggja er blessað og gott. Liðin eru jól enn einu sinni, hin fornhelga hátíð kristinna manna, fæðingarhátíð frelsarans, hátíð friðar og sáttfýsi meðal manna, hátíð ljósanna og barnanna - og bernskuminningana, sem koma ljúfar og stundum ljúfsárar fram í huga þeirra sem rosknir eru að árum. Oft er á orði haft að nútímamenn kunni sér ekki hóf í tilhaldi jólanna. En aldarbragur á hverri tíð, tíska og efnahagur hafa reyndar ætíð og alls staðar sett sinn svip á ytra gervi jólanna. Það er ekki nýtt af nálinni að húsráðendur reyni eftir megni að gera fólki sínu vel til á jólum og um áramót. Það hefur verið gert síðan úr fornöld, þótt ólíku sé saman að jafna um viðhöfn fyrr og nú. Sami hugur býr að baki. Minna mætti sjálfsagt gagn gera nú á dögum, og skiljanlegt er að margur aldraður maður spyrji, þegar minningar bernskunnar vitja hans: Var þetta ekki allt betra fyrr á tíð? Gegnum fagaðan hátíðleik í söngvum og máli sjónvarps og útvarps heyrir hann ef til vill inni í hugskoti sínu rödd föður síns lesa jólalesturinn í fáskrúðugri baðstofu, eða honum er sem hann sjái á bak við gullibúid grenitré lítið heimasníðað tré með lynchrislum og fáeinum mislitum kertum, og hann hugsar: Var þetta ekki allt sannara í einfaldleik sínum, eins og þegar Matthías sat barn með rauðan vasaklút í Skógum og skildi betur jólaboðskapinn en nokkurn tíma síðar á ævinni? Eða gamlárskvöld, hin forna töfrum bundna merkisstund á ferli tímans, sem er rétt gengin um garða að þessu sinni með miklum ljósagangi og ýmislegum hávaða. Ef til vill hefur einhver af eldri kynslóðinni, kannski ég, kannski einhver annar, öðru fremur lagt við hlustir við þeim ómi sem kveður við í minningunni, ef til vill hjóminum sem litlar kirkjuklukkur sendu út í niðamyrkrið þegar hringt var langalengi á miðnætti til þess að kveðja gamla árið og bjóða hið nýja velkomið. Og enn er spurt, hvort áramótahátíð hafi ekki einnig verið innilegri og sannari áður fyrr en í ljósadýrð og glaumi vorrar tíðar.

Minningar bernskunnar eru raunveruleiki í sjálfum sér, þótt í hillungum sé, og síst vildi ég varpa skugga á þær fyrir einum eða neinum. En þegar talað er um að innihald jólanna og upprunaleg merking sé að kafna í veraldarumstangi og ofgnægtum, sakar ekki að minnst þess að einnig fyrr á tíð voru jólin öðrum þræði veraldleg hátíð. Menntu biðu með óþreyju eftir jólamatnum, sem oft var meiri en menn gátu sér að meinalausu torgað í einu og sumir lumuðu á fram yfir áramót. Í fyrndinni töluðu menn um að drekka jól, og jafnvel á síðustu öld máttu margir ekki til þess hugsa að fá ekki á jólakútinn sinn. Eftir því sem séra Jónas frá Hrafnagili

segir brutust sumir í ófærð og illviðrum í aðrar sýslur til að ná í brennivín til jólanna. Varla hafa allir kunnað með að fara þá fremur en nú, og á helgum jólum er enginn vágestur verri en brennivín. Þegar á allt er litið er vafamál, hvort heimsins lystisemdir skyggja að ráði meira á helgi jóla- og nýjárshátíðar nú en oft á fyrri tíð, þegar rétt tillit er tekið til þess sem þá var kallaður veraldlegur munaður og þess sem nú kallast svo. Oft eru menn að hrósa lífi fortíðar á kostnað samtímans. Hitt heyrast og eigi sjaldan að menn guma af því þjóðfélagi sem vér búum nú í, en fara að sama skapi niðrandi orðum um það líf sem forfeður vorir lifðu. Hvort tveggja er álíka ranglátt. Tímarnir breytast. Margt var gott og göfugt fyrrum sem nú lætur minna að sér kveða. En nútíminn skarar á svo mörgum sviðum menningar og mannúðar fram úr fyrri fátæktaröldum, að nægir til að jafna metin og vel það.

Á vorum dögum eru jólin oft kölluð hátíð barnanna og eru það líka, í góðu samræmi við það að þau eru haldin til minningar um fæðingu barns sem lagt var í jötu. En satt að segja er ég ekkert viss um að jólin hafi verið nein sérstök barnahátíð framan af öldum, enda var réttur barna löngum harla lítill og er þess skammt að minnast. Og jól eru aðeins haldin með kristnum þjóðum, og þær eru ekki meirihluti mannkyns. En á voru menningarsvæði hafa jól nógu lengi verið barnahátíð til þess að vér lítum á það sem sjálfsgaðan hlut. Og í öllum stakkaskiptum tímanna er eitt sem ekki breytist, og það er blikið í augum barnanna á jólunum. Að þessu sinni hefur þetta blik vonandi minnt oss á að árið sem nú er byrjað á að vera helgað velferðarmálum barna um allan heim. Alþjóðaár barnsins 1979. Þetta er samkvæmt ákvörðun Sameinuðu þjóðanna, sem gefið hafa út yfirlýsingu um það málefni og jafnframt áskorun til allra aðildarríkjanna að bregðast vel og mannslega við. Vér Íslendingar eigum því láni að fagna að búa í einu því landi þar sem nú orðið ríkir góður skilningur og vaxandi á rétti og þörfum barna, enda ættum vér að hafa einhver hin ákjósanlegustu skilyrði sem nokkur þjóð getur haft. Ég efast ekki um að þeim málum öllum verði sérstakur gaumur gefinn á þessu ári með það fyrir augum að áhrifin verði varanleg.

En Alþjóðaár barnsins 1979 er ekki fyrst og fremst helgað börnum í þeim löndum láns og lukku þar sem Ísland fyllir flokk, heldur þeim hjábörnum veraldar sem einskis njóta til líkama eða sálar af öllu því sem vér getum veitt börnum vorum, engrar mannlegrar umhyggju, heldur lifa eins og dýr merkurinnar og deysja umhirðu- og yfirsöngvalaust hundruðum þúsunda eða milljónum saman á hverju ári. Það er til að rétta þessum mannsbörnum hjálpanði hönd sem hin göfugu alheimssamtök þjóðanna hafa efnt til Alþjóðaárs barnsins 1979.

Ríkisstjórn Íslands hefur þegar fyrir nokkru skipað nefnd valinkunnra manna til þess að hafa á hendi alla forustu þessa máls hér á landi. Sú nefnd hefur þegar hafist handa skörulega, og er nú eftir vor allra hlutur. Vonandi heyrast ekki margar úrtöluraddir í þá veru að vér séum smáþjóð og lítið dragi vort framlag. Vér segjum stundum með nokkru stærilæti að vér séum að vísu smáþjóð, en vel að merkja stór smáþjóð. Vér höfum mörg tækifæri til að láta þessa þversögn verða að sannmæli. Þetta er eitt þeirra, og mér er ljúft að færa það í tal hér og nú.

Stundum hvarflar það að manni að vér Íslendingar séum ekki ýkja þakklát þjóð fyrir vort hlutskipti. Það er vafamál hvort vér kunnum að meta sem skyldi að vér höfum á stuttum tíma hafist úr fátækt til góðra bjargálna, lifum í mannúðlegu samhjálpþjóðfélagi og njótum ýmissa mannréttinda sem fólki í allt of mörgum löndum heims eru fyrirmunuð. Það er sjálfsagt og reyndar þjóðleg nauðsyn að kappkosta að halda til jafns um lífskjör og menningu við þær þjóðir sem lengst hafa náð í þeim efnunum, og er nærtækast að bera sig saman við grannþjóðir vorar á

Norðurlöndum. En ástæðulaust er að fyllast beiskju þótt það takist ekki til fulls alltaf og á öllum sviðum. Vér höfum haft styttri tíma en þær til að ná þeim þjóðfélagslegu markmiðum sem vér keppum að, og atvinnuvegir vorir eru óstöðugri en þeirra. Vér megum búast við þeim tímum öðru hverju að lítið sem ekki miði áfram, jafnvel að afturkippur verði, en vér verðum að læra að þola slíkt æðrulaust, enda engin vorkunn ef ekki ber af réttu leið. Ég minntist á mannúðarmál sem Sameinuðu þjóðirnar beita sér nú fyrir, aðbúnað barna um víða veröld. En það veit heilög hamingjan að fleiri eru mannréttindamálin sem að þarf að hyggja, og í þeim efnum þurfum vér ekki að vera eftirbátar eins eða neins og enga afturkippi að þola. Vér getum í orði og verki stutt alla alþjóðlega viðleitni, meðal annars í viðurkenningu þess að vér búum sjálf við full mannréttindi og sæmilega velmegun. Utanríkisráðherra lét rödd vora heyrast fyrir skemmstu á 30 ára afmæli Mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna, og þess er gott að minnast. En tækifærin eru mörg og vér gætum notað þau betur en vér gerum. Vér gætum tekið hressilegar undir hvatningu þeirra alheimssamtaka sem berjast fyrir rétti þeirra sem ofsóttir eru, pyntaðir og sviptir frelsi vegna skoðana sinna. Vér gætum fordæmt dauðarefsingar. Ég sá fyrir skömmu kort af veröldinni allri, þar sem til aðgreiningar var lagður sérstakur einkennislitur á þau landsvæði jarðar þar sem líflátsdómar og aftökur eru í lögum, en annar ljósari litur þar sem dauðadómar hafa verið úr lögum numdir. Það var grátlegt að sjá þá litlu ljósu bletti eins og eyjar og sker í víðáttu hafsin. Þessi löghelgaða villimennska, dauðarefsingin, er kölluð innanríkismál þeirra sem henni beita, en vér ættum eigi að síður að nota hvert tækifæri til að sýna samstöðu vora með þeim sem vilja afmá þann smáarblett af mannkyninu.

Engin skilji orð mín svo að hér sé ekkert gert til stuðnings almennum mannréttinda- og mannúðarmálum. Slíkt væri mjög fjarri sanni. Ég minni aðeins á að vér gætum betur gert, bæði heima og heiman, það er í lófa lagið.

Vér erum stolt af íslensku börnunum, fallegum og mannvænlegum, og viljum vernda þau, og meðal annars sjá til þess að þau líði sem minnst fyrir sífelldar breytingar þjóðfélagsháttanna. Áður en varir eru börnin orðin að fullvaxta ungu fólki. Hjá oss ber nokkuð á því meðal þeirra sem eldri eru að efast um manngildi unga fólksins, æskunnar í landinu. Engu líkara en mönnum finnist efnileg börn breytast á skömmum tíma í óefnilegan æskulýð, frekan og gjálflan, og gjarnan á að gera miklar kröfur til annarra en miður til sjálfs sín. En er þetta ekki sama gamla glámskygginn sem loðir við oss eins og erfðasyndin? Er ekki þetta land fullt af bráðefnilegu og hörkuduglegu ungu fólki, sem hver þjóð mætti vera stolt og fullsæmd af? Myndir koma fram í hugann. Ég sé í sjónvarpi hlaðið loðnuskip koma til hafnar utan úr vetrarsvörtum og viðsjálum norðurhöfum, norðan úr Dumbshafi. Og hver stendur þar í brúnni nema kornungur vörpulegur skipstjórnarmaður, sæbarinn og með bros á vör, og að baki honum á dekki tugur álíka garplegra gulstakkaðra jafnaldra hans. Ellegar ég sé hámenntaðan og prúðan ungan mann þar sem hann er að taka við vandasamri ábyrgðarstöðu í þágu þjóðfélagsins. Þannig mætti telja í allan dag, en það er óhætt að láta þessa tvo vera fulltrúa fyrir þúsundir íslenskra æskumanna, sem koma til starfa á ári hverju, færir í allan sjó. Ungu kynslóðin í landinu hefur að vísu alist upp við gott atlæti og betra en nokkru sinni fyrr, og það er eins gott hún viti það. En hún hefur einnig alist upp við ýmsar óheillaspár þess efnis að einskonafréttisdagur sé í nánd, offjölgun mannkyns hljóti að enda með skelfingu, jafnvel heimsstyrjöld, jörðin sé á góðri leið með að verða óbyggileg sökum yfirvofandi allsherjarþrota á lífgefandi gæðum hennar. Ég segi ekki að þessi sónn sé eintómt svartagallsraus. En vér megum þakka fyrir að ungt

fólk virðist ekki hafa skemmst til muna í því andrúmslofti sem honum fylgir, heldur gengur til móts við lífið með hug og dug. Það erfir þetta gamla góða land og það er góð arfleifð sem enginn þarf að æskja sér betri. Það tekur við því sem einu nafni kallast íslensk menningararfleifð, og einnig það er gott hlutskipti. Það tekur við þjóðfélagi sem að vísu er ekki fullkomið frekar en hjá öðrum, en er þó manneskjulegt og frjálst og velviljað og ber í sér frækorn flestra þeirra skilyrða sem nauðsynleg eru til þess að hver maður geti náð eðlilegum þroska. En ungu mennirnir, sem jafnt og þétt koma fullbúnir til starfa, taka einnig við þeim miklu erfiðleikum í efnahagsmálum þjóðarinnar sem nú er við að stríða og hefur verið um sinn. Þær þrengingar bregða óneitanlega skugga yfir allt þjóðlífið, spilla lífsgleðinni og taka til sín óeðlilega mikinn hlut af samanlagðri orku þjóðarinnar. Þetta er örðug glíma, þar sem hvert mannsbarn er á sinn hátt þátttakandi, þótt það komi í hlut stjórnmalamanna að standa á sjálfum glímuvellinum. Hér á landi er sú iðja stunduð langt úr hófi fram að brúka heldur ófagran munnsöfnuð um stjórnmalamenn, einkum alþingismenn og ráðherra. Þetta er þjóðarósiður, leiðinlegur og alls ekki hættulaus fyrir lýðræði og þingræði. Enda eru þetta allt staðlausir stafir. Í störfum og samskiptum stjórnmalamanna leikast þjóðfélagsöflin á í öllum myndum, ýmislega og óhjávæmilega, svo er fyrir að þakka, því að það er lýðræði. Og vér megum fagna því, að mennirnir sjálfir, forustumenn þjóðarinnar, eru og hafa löngum verið, hæfir og góðviljaðir menn, og ég sé enga ástæðu til að vantroysta þeim og geri þar ekki mun á, hverjir sitja við stjórnartauma hverju sinni eða hverjir kallast stjórnarsinnar eða stjórnarandstæðingar, þær nafngiftir eru hvort eð er á hverfanda hveli. Sú stund hlýtur að koma að forustumenn vorir ná yfirlýstu markmiði þeirra allra að leiða þjóðina út úr völundarhúsi verðbólgunnar, en hana má kalla samnefnara fyrir það sem nú þrengir svo mjög að þjóð vorri. Þar er við ramman reip að draga, en sá er eldur heitastur sem brennur á manni hverju sinni, og það er engin léttúð þótt minnst sé á að oft hefur áður syrt í álinn en síðan skinið upp og vel ræst úr. Vera má að nú reyni meira en oft áður á þolinmæði, þrek og góðvild stjórnmalamanna vorra og um leið þjóðarinnar allrar, en þá er að neyta þeirra eiginleika af öllu afli, og mun vel fara.

Góðir áheyrendur. Árið sem leið var á ýmsan hátt ár mikilla tíðinda hér á landi, gleðitíðinda en einnig mikilla sorgartíðinda. Hugur vor leitar í samúð til þeirra sem um sárt eiga að binda vegna ástvinamissis af slysförum og öðrum ótímabærum sökum. Og ekki gistir hamingjan hvert hús og heimili um þessi áramót fremur en endranær. Megi þó hækkandi sól vera tákn þess og áminning að aftur getur birt þar sem dimmt er í ranni. Mætti einnig þeim meðbræðrum vorum leggjast líkn með þraut, sem sakir ellivanmáttar, sjúkleika eða fangavistar fá ekki notið þeirrar náðar að mega ganga til verka á komandi degi, því að sú er lífsfylling mannanna mest. Ég óska yður öllum, góðir landsmenn, eftir því sem auðið má verða, góðrar heilsu, lífsgleði og sálarfriðar.

Gleðilegt nýjár.